

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Akureyri 15. nóvember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til sviðslistarlaga. Þingskjal 202 – 199. mál.**

Menningarráð Eyþings gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til sviðslistarlaga, þingskjal 202 – 199. mál.

Í stefnu Menningarráðs Eyþings kemur fram að ráðið ætlar sér að vera í stakk búið að taka við nýjum og auknum verkefnum sé þess óskað. Nauðsynlegt er þó að fjárhagslegar forsendur slíkra verkefna séu tryggðar áður en til þess kemur. Menningarráð Eyþings vill vekja athygli á að í athugasemdum um frumvarpið kemur fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið telji eðlilegt að stuðningur við áhugastarfsemi á sviði hinna ýmsu listgreina falli innan ramma menningarsamninga ríkisins við samtök sveitarfélaga eða með sérstöku framlagi á fjárlögum. Fyrir á þessu ári var fjármagn ásamt verkefnum flutt af safnliðum fjárlaga til menningarráðanna á landsbyggðinni. Við þann flutning var tekin sú ákvörðun að fjármagn fylgdi ekki verkefnum heldur var stuðst við reiknireglu mennta- og menningarmálaráðuneytisins við útdeilingu fjármagnsins. Varð það til þess að á sumum landsvæðum varð verulegur niðurskurður fjármagns til þeirra menningarverkefna sem flutt voru til menningarráðanna meðan á öðrum svæðum varð umtalsverð hækkun. Mikilvægt er að við flutning á fjármagni milli aðila verði ekki skerðing á heildarfjármagninu. Einnig er mikilvægt að við skiptingu fjármagnsins sé litið til þeirra verkefna sem fyrir eru og þeim gert kleift að starfa áfram. Ef til þess kemur að fjármagn það sem hefur verið veitt til áhugaleikfélaga verði flutt til menningarráðanna þarf sú framkvæmd að vera vönduð, gagnsæ og byggja á meðaltali a.m.k. fjögurra síðustu ára.

Menningarráð Eyþings leggur áherslu á að við úthlutun fjármagns til áhugaleikhópa hefur verið staðið af fagmennsku af Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Í frumvarpinu er ekki getið um starfsemi áhugaleikfélaga og mun starfsemi þeirra þá hverfa úr íslenskum lögum. Menningarráð Eyþings telur það áhyggjuefni og leggur áherslu á að starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga sé getið í lögnum. Bandalag íslenskra leikfélaga heldur út mikilvægu starfi og þjónustu við áhugaleikfélögin og mikilvægt er að í lögnum sé starf þess tryggt.

***Menningarráð Eyþings leggur því til eftirfarandi viðbót við 18. gr. laganna - Sviðslistasjóður***

Í slíkum samningi við lögaðila skal gerður fyrirvari um stuðning hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga. **Alþingi veitir einnig árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga til reksturs þjónustuskrifstofu.**

Rökstuðningur:

Bandalag íslenskra leikfélaga hefur haldið út öflugri þjónustu við áhugaleikfélög í landinu um langt skeið og hefur starfsemi þess eftt og stutt við starfsemi áhugaleikfélaganna. Mikilvægir þættir, eins og

námskeiðahald, leikritasafn og sala á leikhúsvörum til áhugaleikfélaga. hafa verið í höndum bandalagsins. Með starfseminni hefur bandalagið stuðlað að aukinni þekkingu og vandaðri sýningum hjá áhugaleikfélögum. Víða á landinu eru ekki starfrækt atvinnuleikhús né atvinnuleikhópar og er því starf áhugaleikfélaganna afar mikilvægt. Áhugaleikfélögin í landinu skipa því mikilvægan sess í uppeldi m.a. fyrir atvinnuleikhúsin. Menningarráð Eypings telur því mikilvægt að starfsemi áhugaleikfélaga sé getið í lögnum.

Starfsemi áhugaleikfélaga, atvinnuleikhópa og atvinnuleikhúsa er samvinnuð. Til að frekari uppbygging á atvinnustarfsemi tengdum sviðslistum utan höfuðborgarsvæðisins geti átt sér stað þarf að leggja áherslu á að styðja við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar. Á Akureyri er starfrækt eina atvinnuleikhúsið á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins. Menningarráð Eypings leggur því áherslu á að Leikfélags Akureyrar sé getið í sviðslistarlögum með beinum hætti.

**Við 18. gr. Sviðslistasjóður- leggur ráðið til eftirfarandi viðbót.**

Ráðherra er heimilt á grundvelli tillögu frá sviðslistaráði að gera, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum, tímabundinn samning fyrir hönd ríkissjóðs til stuðnings starfseminni atvinnusviðslitahópa og sviðslistahópa. **Leggja skal áherslu á að byggja upp atvinnustarfsemi utan höfuðborgarsvæðisins með því að styðja við atvinnuleikhópa og atvinnuleikhús, svo sem Leikfélag Akureyrar.**


Rökstuðningur:

Grunnur að uppbyggingu atvinnustarfsemi á sviði leiklistar byggir á öflugu áhugamannastarfi. Ef ekki væri fyrir áhugaleikfélög væru ekki atvinnuleikhús eða atvinnuleikhópar utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er því samtvinnað og mikilvægt að beggja sé getið í leiklistarlögum.

Á Akureyri er starfrækt eina atvinnuleikhúsið á Íslandi utan höfuðborgarsvæðisins. Er það rekið með samningi milli Akureyrarbæjar og ríkisins. Leikfélag Akureyrar hefur mikilvægu hlutverki að gegna á Norðurlandi, m.a framleiðir það efni og stuðlar að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Leikfélagið sinnir einnig mikilvægu þjónustu- og uppeldishlutverki á svæðinu. Leikfélagið er í virku samstarfi við grunn – og framhaldsskóla hvað varðar mótun náms í sviðslistum, auk þess að reka leiklistarskóla fyrir börn á aldrinum 8-15 ára. Leikfélag Akureyrar hefur einnig lagt áherslu á að aðstoða og styðja við áhuga- og atvinnuleikhópa sem starfa á svæðinu með ýmsum hætti, svo sem með aðstöðu, ráðgjöf og miðlun þekkingar. Auk þess með láni á búningum, leikmunum og tæknibúnaði eftir því sem hægt er. Hlutverk Leikfélags Akureyrar er viðamikil og skiptir svæðið í heild miklu máli, með atvinnuleikhúsi á svæðinu má gera ráð fyrir að metnaður og gæði áhugaleikfélaganna aukist .

Fulltrúar Menningarráðs Eypings eru reiðubúnir að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til að fylgja umsögn sinni eftir og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Fyrir hönd Menningarráðs Eypings

  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi